

Norvik hf.
Ársreikningur 2024
Samstæða

Norvik hf.
Skemmuvegi 2a
200 Kópavogur

kt. 670400-2390

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Óendurskoðað	
Stjórnarháttayfirlýsing	24
Ófjárhagslegar upplýsingar	26

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Norvik hf. er íslenskt eignarhaldsfélag sem á og rekur sjö dótturfélög á byggingavörumarkaði, í fasteignarekstri og timburvinnslu. Dótturfélög í eigu Norvik starfa á Íslandi, Svíþjóð, Póllandi, Bretlandi og Lettlandi. Félagið á alla eignarhluti í innlendu dótturfélögunum BYKO ehf., Smáragarði ehf. og Hólf og gólf ehf. auk 75% eignarhlutar í Kambstáli ehf. Þessi félög eru dótturfélög í samstæðuársreikningi Norvik. Norvik flutti skrifstofur sínar í nýtt húsnæði á Skemmuvegi 2a á árinu 2024.

Undir lok árs 2023 gerði Norvik yfirtökutilboð Bergs Timber AB sem Norvik átti fyrir 58,67% hlut og átti Norvik 98,35% beint og óbeint í árslok 2023. Á árinu 2024 eignaðist Norvik allt hlutafé í félaginu, beint og óbeint í gegnum sænskt dótturfélag, Kivron AB, sem var stofnað sérstaklega í kringum yfirtökuna. Yfirtökuferlinu lauk formlega í febrúar 2025 þar sem ekki kom til frekara uppgjörs við hluthafa í félaginu. Bergs Timber AB heldur utan um rekstur sjö dótturfélaga sem eru með rekstur framleiðslufyrirtækja í timburiðnaði og sölu á timburtengdum afurðum í Svíþjóð, Lettlandi, Póllandi og Bretlandi. Í upphafi árs 2025 gekk í gegn sala á sögunarmyllunni Vika Wood í Lettlandi sem var eitt af dótturfélögum Bergs Timber. Fyrir á árinu 2024 seldi Bergs Timber sölustarfsemi í Bretlandi, Bitus UK, og einnig var seldur rekstur Fågelfors í Svíþjóð. Þessi starfsemi var ekki hluti af kjarnastarfsemi félagsins og arðsemi ekki ásættanleg. Helstu fjárfestingar ársins voru í áframhaldandi uppbyggingu fasteigna á Íslandi í gegnum dótturfélagið Smáragarði ehf.

Í stjórn Norvik eru fimm stjórnarmenn, tvær konur og þrír karlar. Framkvæmdastjórn félagsins skipa þrír einstaklingar, þar af ein kona og tveir karlmenn.

Ársreikningur Norvik hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Starfsrækslugjaldmiðill Norvik hf. er íslensk króna (ISK) en rekstrartekjur samstæðunnar eru auk íslensku krónunnar í evrum (EUR), sænskum krónum (SEK) og breskum pundum (GBP).

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður samstæðunnar 3.064 millj. kr. á árinu 2024. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 76.577 millj. kr. í árslok 2024. Eigið fé í árslok nam 39.279 millj. kr. með minnihluta. Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði 400 millj. kr. í arð til hluthafa á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024 og vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Helstu óvissupættir að mati stjórnar snúa að óróleika í stjórnmalalegu- og efnahagsumhverfi á alþjóðavísu. Mikið er rætt um tolla og er þá óvissa hvernig það mun hafa áhrif á hrávörumarkaði og er þá starfsemi samstæðunnar helst bundinn við verð á timbri. Stjórnendur allra félaga samstæðunnar fylgjast vel með aðstæðum hverju sinni í rekstrarumhverfi hvers og eins félags og helstu viðskiptalanda þeirra. Stjórn Norvik metur aðstæður á mörkuðum samstæðunnar ágæt.

Stjórn metur enga áhættu á orðsporshnekkjum eða aðsteðjandi nýrri ógn í samkeppnisumhverfi. Félagið er ekki með gengisvarnir og stjórn metur áhættuna ekki þess eðlis að ástæða þyki til að bregðast sérstaklega við því. Netögnir verða sífellt stærri og hefur Norvik beint því til dótturfélaga sinna að lagt sé mikið upp úr netöryggismálum.

Meðalfjöldi starfsmanna samstæðunnar á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 1.679 (2023: 585). Ástæða þessa breytinga á milli ára eru meðalfjöldi ársverka í Bergs Timber sem aðeins voru að litlum hluta inni 2023.

Heildarhlutafé félagsins nam 309 millj. kr. í árslok 2024. Hluthafar voru níu í árslok 2024 eins og í ársbyrjun, en þeir voru eftirfarandi:

	Eignarhluti
Sterna ehf.	44,8%
SIA Kabotfen	29,4%
Guðmundur H. Jónsson	9,6%
Steinunn Jónsdóttir	9,6%
Iðunn Jónsdóttir	4,3%
Þórunn Guðmundsdóttir	0,8%
Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir	0,7%
Sjöfn Guðmundsdóttir	0,6%
Björk Guðmundsdóttir	0,4%
Útgefnir hlutir	100,0%

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórnarhættir

Stjórn Norvik hf. leggur áherslu á góða stjórnarhætti í samræmi við *Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti* sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar reglulega með endurskoðendum félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við 66. gr. d. lið ársreikningalaga skal Norvik hf. veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál, stefnu félagsins í mannréttindamálum, hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum auk hnitmiðaðrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins og fleira. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í viðauka með ársreikningnum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Norvik hf. staðfesta ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogur, 20. mars 2025

Stjórn:

Jón Helgi Guðmundsson
Steinunn Jónsdóttir
Guðmundur Halldór Jónsson
Iðunn Jónsdóttir
Þórður Magnússon

Framkvæmdastjóri:

Gísli Jón Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og hluthafar í Norvik hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Norvik hf. („samstæðan“) fyrir árið 2024. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2024 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 20. mars 2025

KPMG ehf.

Hjördís Ýr Ólafsdóttir
Matthías Þór Óskarsson

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur	5	57.197.067	35.300.437
Kostnaðarverð seldra vara		(32.313.518)	(23.576.129)
Framlegð		24.883.548	11.724.308
Laun og launatengd gjöld	6	(12.152.865)	(5.455.828)
Annar rekstrarkostnaður		(7.973.988)	(3.334.932)
		(20.126.853)	(8.790.760)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)		4.756.696	2.933.548
Matsbreyting fjárfestingareigna		793.096	739.782
Afskriftir	10	(1.242.182)	(715.323)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		4.307.610	2.958.007
Vaxtatekjur		287.814	334.412
Vaxtagjöld		(2.126.131)	(989.424)
Gengismunur		50.572	34.438
Arðstekjur og aðrar verðbréfhreyfingar		579.581	43.688
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls		(1.208.164)	(576.887)
Áhrif hlutdeildarfélaga	11	99.927	(624.276)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.199.373	1.756.845
Tekjuskattur	7,17	(401.889)	(347.112)
Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi		2.797.484	1.409.733
Aflögð starfsemi		266.410	0
Hagnaður ársins		3.063.894	1.409.733
Skipting hagnaðar:			
Hagnaður hluthafa		2.983.395	1.274.793
Hagnaður minnihluta		80.499	134.940
Hagnaður ársins		3.063.894	1.409.733
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hlut	16	9,63	4,12

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Óefnislegar eignir	8	2.850.738	4.715.908
Fjárfestingaeignir	9	14.394.785	14.254.468
Rekstrarfjármunir	10	23.466.093	22.614.148
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	325.218	569.978
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	7.045.078	6.097.536
Skuldabréf og langtímakröfur á tengda aðila	12	28.452	28.452
Skuldabréf og langtímakröfur		132.582	153.197
Skatteign	17	75.420	464.465
Fastafjármunir samtals		48.318.366	48.898.152
Birgðir	13	11.054.342	13.584.462
Kröfur á tengda aðila		88.601	818.696
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	14	5.526.682	6.637.794
Markaðsverðbréf		312.224	602.964
Handbært fé		420.050	3.855.126
Eignir til sölu	15	10.148.770	0
Veltufjármunir samtals		27.550.670	25.499.042
Eignir samtals		75.869.036	74.397.195
Eigið fé			
Hlutfé	16	309.789	309.789
Lögbundinn varasjóður		77.447	84.921
Þýðingarmunur	(	3.164.167)	(2.504.341)
Bundinn hlutdeildarreikningur		11.261.815	8.778.955
Óráðstafað eigið fé		30.793.839	30.535.831
Eigið fé hluthafa móðurfélags samtals		39.278.724	37.205.154
Minnihluti		952.836	735.557
Eigið fé samstæðu samtals		40.231.560	37.940.712
Skuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	17	2.743.700	2.968.296
Vaxtaberandi skuldir	18	17.775.893	15.935.922
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		20.519.593	18.904.219
Skuldir við tengda aðila	20	1.903.721	1.806.703
Vaxtaberandi skuldir	18	3.745.792	3.310.399
Viðskiptaskuldir og aðra skammtímaskuldir	19	9.468.369	12.435.163
Skammtímaskuldir samtals		15.117.882	17.552.265
Skuldir og skuldbindingar samtals		35.637.475	36.456.484
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals		75.869.036	74.397.195

Eiginfjáryfirlit

	Hlutfé	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2023 ISK ('000)				
Eigið fé móðurfélags 1.1.2023	309.789	8.029.477	28.424.291	36.763.557
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga	(	433.195)	(	433.195)
Greiddur arður			(400.000)	(400.000)
Hagnaður ársins til hluthafa			1.274.793	1.274.793
Bundinn hlutdeildarreikningur, breyting	(	1.236.747)	1.236.747	0
Eigið fé móðurfélags 31.12.2023	309.789	6.359.535	30.535.831	37.205.155
Minnihluti			600.617	600.617
Hagnaður ársins til minnihluta			134.940	134.940
Eigið fé samstæðu 31.12.2023	309.789	6.359.535	31.271.388	37.940.712

2024 ISK ('000)

Eigið fé móðurfélags 1.1.2024	309.789	6.359.535	30.535.831	37.205.155
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga	(	659.825)	(	659.825)
Lögbundinn varasjóður, breyting	(	7.474)	7.474	0
Greiddur arður			(250.000)	(250.000)
Hagnaður ársins			2.983.395	2.983.395
Bundinn hlutdeildarreikningur, breyting		2.482.859	(2.482.859)	0
Eigið fé móðurfélags 31.12.2024	309.789	8.175.095	30.793.840	39.278.725
Minnihluti			872.337	872.337
Hagnaður ársins til minnihluta			80.499	80.499
Eigið fé samstæðu 31.12.2024	309.789	8.175.095	31.746.677	40.231.561

Annað eigið fé sundurliðast þannig:

Annað eigið fé 2023

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Bundinn hlutd.reikn.	Annað eigið fé samtals
Annað eigið fé 1.1.2023	84.921	(2.071.146)	10.015.702	8.029.477
Þýðingarmunur, breyting ársins		(433.195)		(433.195)
Bundinn hlutdeildarreikningur, breyting			(1.236.747)	(1.236.747)
Annað eigið fé 31.12.2023	84.921	(2.504.341)	8.778.955	6.359.535

Annað eigið fé 2024

Annað eigið fé 1.1.2024	84.921	(2.504.341)	8.778.955	6.359.535
Lögbundinn varasjóður, breyting	(7.474)			(7.474)
Þýðingarmunur, breyting ársins		(659.825)		(659.825)
Bundinn hlutdeildarreikningur, breyting			2.482.859	2.482.859
Annað eigið fé 31.12.2024	77.447	(3.164.166)	11.261.814	8.175.095

Gengismunur sem myndast við þýðingu reikningsskila dóttur- og hlutdeildarfélagum sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum við gerð samstæðu er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár, þýðingarmun.

Bundinn hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélagum sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum auk óinnlestrar matsbreytingar hlutabréfa.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		3.063.894	1.409.733
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	1.242.182	715.323
Matsbreyting fjárfestingaæigna	(	793.096)	0
Matsbreyting eignarhluta í öðrum félögum	(	791.346)	(739.782)
Matsbreyting krafna		170.000	0
Verðbætur og gengismunur		557.272	358.739
Áhrif hlutdeildarféлага	11	(99.927)	624.276
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(	10.120)	(11.300)
Tekjuskattur		164.449	77.981
Aðrir liðir		0	8.168
Veltufé frá rekstri		3.503.308	2.443.138
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, lækkun		500.170	310.256
Skammtímakröfur, hækkun (lækkun)		366.658	(341.501)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(	1.808.816)	248.440
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	(	941.988)	217.195
Handbært fé frá rekstri		2.561.320	2.660.333
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í hugbúnaði og óefnislegum eignum	8	(89.403)	(38.912)
Fjárfesting í fjárfestingaæignum	9	(4.368.363)	(3.981.947)
Söluverð fjárfestingaæigna	9	0	110.000
Fjárfesting og yfirteknir rekstrarfjármunir	10	(3.725.971)	(475.545)
Söluverð rekstrarfjármuna	10	140.913	14.459
Fjárfesting í eignarhlutum í dótturfélögum	(	394.606)	(8.758.619)
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum	(	161.443)	(1.025.611)
Arður frá dóttur- og hlutdeildarfélagum		50.000	593.622
Seldur rekstur		236.153	
Kröfur á tengda aðila, breyting		843.113	12.403
Kröfur, breyting		42.149	(14.157)
Markaðsverðbréf, breyting		290.740	292.173
Handbært fé keyptra dótturfélaga		0	3.010.068
Fjárfestingahreyfingar	(	7.136.718)	(10.262.067)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(	250.000)	(400.000)
Tekin ný langtímalán		2.750.000	6.283.173
Greiddar afborganir langtímalána	(	1.077.498)	(377.836)
Skuldir við tengda aðila, breyting	(	389.798)	1.483.921
Verkefnafjármögnun, breyting		358.880	1.884.141
Fjármögnunarhreyfingar		1.391.584	8.873.400
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(	3.183.814)	1.271.666
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(	251.261)	0
Handbært fé í ársbyrjun		3.855.126	2.583.460
Handbært fé í árslok		420.051	3.855.126

Viðbótarupplýsingar vegna sjóðstreymis er að finna í skýringu 15

Skýringar

1. Félagið

Norvik hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Skemmuvegi 2a, Kópavogi. Samstæðureikningur félagsins fyrir árið 2024 hefur að geyma ársreikning félagsins og sjö dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Norvik rekur dótturfélög í smásölu og byggingavöruverslun, timburvinnslu, iðnaði og fasteignarekstri.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að lögum um ársreikninga sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn þann 20. mars 2025 og heimilaði birtingu hans.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningur 2024 er birtur í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

c. Starfrækslu- og framsetningarmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum og er íslensk króna starfrækslugjaldmiðill félagsins. Starfsrækslugjaldmiðill Norvik hf. er íslensk króna (ISK) en rekstrartekjur samstæðunnar eru auk íslensku krónunnar í evrum (EUR), sænskum krónum (SEK), breskum pundum (GBP) og pólskum slottum (PLN). Félagið hefur ekki varið sig gegn gengisáhrifum erlendra gjaldmiðla.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins, þær eiga einnig við um öll dótturfélög samstæðunnar.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum frá því yfirráð nást þar til þeim lýkur.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

(iii) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafnan til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Samstæðuársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Sé hluti félagsins í tapi hærra en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfært verð skráð sem núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í gjaldmiðlum öðrum en starfsrækslugjaldmiðli

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli eru færð í starfsrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli eru færðar á gengi uppgjörsdags. Gengismunur vegna viðskipta í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli er færður í rekstrarreikning.

(ii) Dótturfélög með annan starfsrækslugjaldmiðil en krónur

Eignir og skuldir dótturfélaga sem hafa annan starfsrækslugjaldmiðil en íslenskar krónur eru umreiknaðar í krónur miðað við gengi á uppgjörsdagi. Tekjur og gjöld dótturfélaganna eru umreiknuð í krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár, þýðingarmun. Þegar starfsemi er með annan starfsrækslugjaldmiðil en krónur er seld, að hluta til, eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald:

c. Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við kaup á dótturfélögum eða við bein kaup. Viðskiptavild sem hefur orðið til við kaup á hlutdeildarfélögum er ekki sýnd sérstaklega heldur er hluti af bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Viðskiptavild er færð á upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Viðskiptavild er niðurfærð línulega á 10 árum.

d. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir (land eða húseignir) sem eru í eigu samstæðunnar til að afla leigutekna eða til verðmætaaukningar eða hvoru tveggja. Í upphafi eru fjárfestingareignir bókaðar á kostnaðarverði, sem er sett saman af kaupverði og öllum beinum útgjöldum sem stafa af undirbúningi fasteignarinnar til fyrirhugaðra nota, þ.á m. kostnaður sem tilkominn er vegna kaupa á fasteigninni. Kostnaður, sem fellur til í kjölfar kaupa á fjárfestingareign, sem bætir við, endurnýjar, eða þjónustar fasteign er aðeins eignfærður ef hann uppfyllir almennar kröfur um heimild til eignfærslu samkvæmt reikningsskilareglum. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Samkvæmt þessu er kostnaður sem fellur til vegna viðgerða og viðhalds fasteigna ekki innifalinn í bókfærðu virði fjárfestingareigna heldur er hann gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað. Hins vegar, er kostnaður sem fellur til við verulegar endurbætur á því sem fyrir er í fasteigninni, eignfærður á fjárfestingareignina á þeim tíma sem kostnaðurinn fellur til, að því gefnu að hann uppfylli kröfur um heimild til eignfærslu samkvæmt reikningsskilareglum. Á sama tíma er bókfært virði þess sem var endurnýjað afskrifað. Ef erfitt reynist að meta hversu mikið ber að afskrifa vegna endurnýjunar á fjárfestingareigninni, þá ber samstæðunni fyrst að bæta nýju fjárfestingunni ofan á verðmæti fjárfestingareignarinnar og í framhaldi af því að endurmeta gangvirði fjárfestingareignarinnar að teknu tilliti til viðbótarinnar, en án þess hlutar sem var endurnýjaður.

Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Mat á gangvirði er byggt á gangvirði sambærilegra eigna á sama stað og í sama ásigkomulagi á virkum markaði milli ótengdra upplýstra aðila. Við matið er tekið tillit til samanlagðra hreinna leigutekna af eignunum auk kostnaðar sem við á. Áætlaðar framtíðar leigutekjur taka að mestu leyti mið af þeim leigusamningum sem í gildi eru og hefur félagið metið áætlaðan viðhaldskostnað eignanna. Við núvirðinguna er stuðst við markaðsvexti og vaxtakjör félagsins.

Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikningi. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Þegar rekstrarfjármunur verður fjárfestingareign vegna breytingar á nýtingu hans er mismunur sem verður á yfirfærsludegi á bókfærðu verði og gangvirði fjármunarins færður beint á eigið fé ef um hagnað er að ræða. Við sólu fjárfestingareignar er þessi hagnaður færður á óráðstafað eigið fé. Tap sem myndast á þennan hátt er fært strax í rekstrarreikning.

Þegar samstæðan byrjar að endurhanna fyrirbyggjandi fjárfestingareign til áframhaldandi notkunar sem fjárfestingareign stendur eignin áfram sem fjárfestingareign og er metin á gangvirði en er ekki endurskilgreind sem rekstrarfjármunur meðan á endurhönnuninni stendur.

e. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð eru þau útgjöld sem rekja má beint til kaupa á eign. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim búnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar, framhald:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald:

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar yfir leigutíma eða nýtingartíma þeirra, hvorn sem styttri er, nema það sé nokkuð víst að félagið muni fá eignarhald í lok leigutíma. Lóðir eru ekki afskrifaðar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	20 - 50 ár
Innréttingar, vélar og áhöld	3 - 10 ár
Bifreiðar	5 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning.

f. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum, þar sem félagið á minna en 20% hlutafjár, eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrýmnunar þessara félaga. Arður frá þessum félögum er færður til tekna meðal fjármunatekna.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra er. Framleiddar vörur eru metnar á meðalframleiðslukostnaðarverði þeirra. Aðkeyptar birgðir af vörum og efni, eru metnar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að fullvinna og selja vöru.

h. Kröfur og verðbréf

Niðurfærsla vegna krafna og verðbréfa er færð í efnahagsreikning til að mæta mögulegu tapi. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi. Annars vegar er sérstök niðurfærsla færð vegna krafna sem hafa verið metnar með háa áhættu. Hins vegar er almenn niðurfærsla til að mæta almennri áhættu vegna krafna og verðbréfa. Niðurfærslan er færð til lækkunar á viðeigandi liðum í efnahagsreikningi.

i. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf eru færð á gangvirði.

j. Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af bankareikningum og sjóði.

k. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar séu hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru metnar í flokkum með svipuðum lánsáhættueinkennum.

Öll virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skýringar, framhald:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald:

k. Virðisrýrnun, frh

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eignunum. Virðispróf er framkvæmt á eignum eða minnstu aðgreinanlegum hópum eigna sem mynda sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna (fjárskapandi eining).

l. Tekjur

Sala á vörum og þjónustu

Tekjur af vörusölu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða innheimtanleg, að frádregnum veittum afsláttum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar áhætta og ávinningur sem fylgir eignarhaldi á vörunum eru færð að verulegu leyti til kaupanda, líklegt er talið að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölu og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af þeirri vinnu sem lokið er.

Tekjur af timburvinnslu og framleiðsluþjónustu ásamt tilheyrandi kostnaði eru færðar miðað við stöðu verks. Staða verks er metin með hliðsjón af þeirri vinnu sem lokið er.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengishagnaði og -tapi er jafnað saman.

n. Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna fjárfestinga í félögum. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

Skýringar, framhald:

4. Stýring fjármálalegrar áhættu

Helstu áhættur sem fylgja fjármálagerningum samstæðunnar eru gjaldmiðlagengisáhætta, vaxtaáhætta, lausafjáraáhætta og lánsáhætta. Helstu fjármálagerningar samstæðunnar samanstanda af lánum frá lánastofnunum og viðskiptaskuldum til að tryggja fjármögnun samstæðunnar. Nánar er fjallað um áhættustjórnun í skýringu 24. Stjórn og stjórnendur samstæðunnar leitast við að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestum stefnum, reglum og verklagsferlum. Með þeim hætti er tryggt skilvirkni í starfsemi félagsins, áreiðanleiki upplýsinga og hlítmi við lög.

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2024	2023
Vörusala	57.060.641	35.251.146
Aðrar tekjur	136.425	49.291
Samtals rekstrartekjur	57.197.067	35.300.437

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	9.828.032	4.495.160
Móttframlag í lífeyrissjóð	1.349.742	589.197
Launatengd gjöld	975.092	371.471
Samtals laun og launatengd gjöld	12.152.865	5.455.828

Stöðugildi að meðaltali á árinu 1.679 565

Stöðugildi að meðaltali á árinu 2023 eru eingöngu frá íslenskum dótturfélögum Norvik. Bergs Timber AB kom inn í samstæðuna í byrjun desember 2023 og var með starfandi 1.471 starfsmann að meðaltali á árinu 2023. Heildar laun- og launatengd gjöld í Bergs Timber AB námu 605 millj. kr. í samstæðu Norvik árið 2023, en það er aðeins einn mánuður.

Laun stjórna og framkvæmdastjórna Norvik og samstæðufélaga námu samtals 459 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 265 millj. kr.).

7. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2024	2023
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.199.373	1.756.845
Tekjusk.míðað við gildandi skatthlutfall	21,0% (671.868)	20,0% (351.369)
Áhrif breytinga á skatthlutfall	(0,5%) 15.168	0,0% 0
Hlutdeildarfélag	(0,5%) 17.020	1,9% (33.884)
Óráðráttarþær gjöld	0,0% (1.503)	0,2% (3.643)
Óskattskyldar tekjur	(5,9%) 188.602	(1,8%) 30.782
Aðrir liðir	(1,6%) 50.693	(0,6%) 11.002
Tekjuskattur ársins í rekstrarreikningi	12,6% (401.889)	19,8% (347.112)

8. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Bókfært verð 1.1.2024	4.038.658	677.250	4.715.908
Viðbót á árinu	0	89.403	89.403
Fært út vegna sölu á dótturfélagi	(1.946.450)	(84.056)	(2.030.506)
Tekjufærð neikvæð viðskiptavild	557.151	0	557.151
Afskriftir ársins	(362.549)	(118.670)	(481.219)
Bókfært verð 31.12.2024	2.286.810	563.928	2.850.738

Viðskiptavild er færð niður línulega á tíu árum í samræmi við ákvæði ársreikningalaga og er aðallega vegna mismunar á eigin fé dótturfélaga og bókfærðu verði eignarhlutanna. Neikvæð viðskiptavild sem myndaðist við kaupin á Bergs Timber í árslok 2023 hefur verið tekjufærð að hluta vegna endurskipulagningar í rekstri félagsins og innleystu tapi vegna hennar.

Skýringar, framhald:

9. Fjárfestinga- og þróunareignir

	2024	2023
Bókfært verð í ársbyrjun	14.254.468	7.122.746
Fært inn vegna fjárfestingar í dótturfélagi	0	2.254.636
Fjárfesting á árinu	3.754.338	3.981.947
Matsbreyting	793.096	739.782
Selt á árinu	0	(110.000)
Millifært yfir á fasteignir	(4.407.117)	265.357
Bókfært verð í árslok	14.394.785	14.254.468

Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Viðskiptaverð til þriðja aðila ef samstæðan seldi eignina kann að vera frábrugðið þessu mati til hækkunar eða lækkunar.

Mat samstæðunnar á gangvirði fjárfestingaigna styðst við núvirt sjóðsflæði einstakra eigna. Sjóðstreymið ákvarðast af almennum viðurkenndum matsaðferðum.

Virðislíkanið sem samstæðan notar er byggt á áætluðu frjálsu sjóðstreymi til hluthafa og notar forsendur sem endurspegla markaðsaðstæður á reikningsskiladegi. Sjóðstreymi fjárfestingaigna er áætlað út frá væntu tekjuflæði leigutekna að frádregnum áætluðum kostnaði. Mikilvægustu breyturnar í virðislíkaninu eru áætlun um leigutekjur, vexti og ávöxtunarkröfu eigin fjár.

Leigutekjur eru áætlaðar út frá gildandi leigusamningum. Stuðst er við væntingar stjórnenda um markaðsvexti og áætlaða markaðsleigu að loknum leigutíma gildandi leigusamninga.

Allur viðeigandi kostnaður, s.s. viðhaldskostnaður, fasteignagjöld, tryggingar og annar rekstrar- og fjármagnskostnaður er dreginn frá áætluðum leigutekjum. Fasteignagjöld og tryggingar eru metin út frá sögulegum gögnum. Viðhaldskostnaður er áætlaður út frá stærð húsnæðis og annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af leigutekjum. Fjármagnskostnaður er metinn út frá markaðsvöxtum hérlandis og væntu vaxtaálagi. Vaxtaálag er áætlað fyrir hverja eign.

Helstu forsendur sem byggt var á við ákvörðun gangvirðis í árslok 2024 voru tekjur samkvæmt núgildandi leigusamningum auk væntinga um raunbreytingu leigutekna. Miðað var við 4,25% (2023: 4,2%) raunvexti við útreikning á vegnum meðaltals fjármagnskostnaði. Ávöxtunarkrafa eigin fjár var miðuð við 10,8% raunvexti og 35% eiginfjárlutfall. Veginn meðaltals fjármagnskostnaður fyrir tekjuskatt (WACC) var 6,54% (2023: 6,53%).

Fasteignamat

Fasteignamat fjárfestingaigna á Íslandi nam í árslok 16.299 millj. kr. (2023: 11.654 millj. kr.) Vátryggingarfjárhæð fjárfestingaigna á Íslandi í árslok 2024 nam 23.351 millj. kr. (2023: 17.732 millj. kr.).

Leigutekjur fjárfestingaigna

Dótturfélag Norvik hf., Smáragarður ehf. hefur gert leigusamninga við viðskiptavinum sína til allt að 15 ára. Samningsbundnar leigutekjur til allra leigutaka hjá félaginu miðað við vísitölu í lok desember 2024 greinast þannig á næstu ár:

	2024	2023
Samningsbundnar tekjur í allt að 1 ár	2.332.883	1.850.849
Samningsbundnar tekjur eftir 1 ár en innan 5 ára	8.645.910	8.253.850
Samningsbundnar tekjur eftir meira en 5 ár	5.331.378	7.415.324
Leigutekjur fjárfestingaigna samtals	16.310.171	17.520.023

Skýringar, framhald:

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Fasteignir	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 31.12.2023	16.294.720	8.397.857	674.891	25.367.467
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2023	(1.592.346)	(737.909)	(423.065)	(2.753.319)
Bókfært verð 31.12.2023	14.702.374	7.659.948	251.826	22.614.148
Keypt á árinu	679.172	2.907.231	139.568	3.725.971
Millifært af fjárfestingareignum	4.407.117	0	0	4.407.117
Afskrifað á árinu	(467.955)	(776.193)	(73.966)	(1.318.114)
Þýðingarmunur	(108.107)	203.250	0	95.143
Selt, millifært og niðurlagt á árinu	(1.959.150)	(4.080.017)	(19.005)	(6.058.172)
Bókfært verð 31.12.2024	17.253.451	5.914.219	298.423	23.466.093
Heildarverð 31.12.2024	18.253.866	8.136.846	676.589	27.067.301
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2024	(1.000.415)	(2.222.627)	(378.166)	(3.601.208)
Bókfært verð 31.12.2024	17.253.451	5.914.219	298.423	23.466.093
Afskriftahlutföll	2 - 3%	10 - 33%	20%	
Áætlaður nýtingartími	33 - 50 ár	3 - 10 ár	5 ár	

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

	2024	2023
Afskriftir rekstrarfjármuna	1.318.114	488.683
Tekjufærsla neikvæðrar viðskiptavildar, samanber skýringu 8	(557.151)	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna, samanber skýringu 8	481.219	226.639
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi	1.242.182	715.322

Vátryggingarverðmæti og fasteignamat

Vátryggingarv. og fasteignamat fasteigna og lóða á Íslandi í árslok greinist þannig:

	2024	2023
Vátryggingarverð fasteigna á Íslandi	23.351.000	17.732.000
Fasteignamat fasteigna og lóða og Íslandi	17.204.000	15.230.000
Vátryggingarverð rekstrarfjármuna, annarra en fasteigna	1.981.661	1.814.000

Veðsetningar og ábyrgðir

Á eignum samstæðunnar hvíla veð til tryggingar skuldum. Í sumum tilfellum hvíla veð á fasteignum, birgðum og kröfum félaga innan samstæðunnar til tryggingar á lánum frá bönkum.

Félög innan samstæðunnar hafa skuldbundið sig við viðskiptabanka sína þannig að eignir verði ekki seldar eða veðsettar án samþykkis þeirra.

Skýringar, framhald:

11. Fjárfesting

(i) Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur 31.12.2024	Hlutdeild í afkomu	2024	2023
Steinull hf., Sauðarkrókur	25,0%	74.492	265.645	241.152
Fasteignaf. Smiðjuvellir ehf., Akranes	51,0%	6.557	7.456	899
Vatnsnesfrontur ehf., Reykjanesbæ	50,0%	18.878	29.524	10.645
Ísefni ehf., Kópavogi	50,0%	0	5.000	0
OOO Komilesbusiness, Rússlandi	66,7%	0	17.362	17.362
Vistbyggð ehf., Reykjavík	46,2%	0	231	231
Hafnagarður ehf., Kópavogi	0,0%	0	0	299.688
Samtals		99.927	325.218	569.978

(ii) Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2024	2023
Íslensk félög skráð á skipulögðum markaði	2.543.921	1.534.267
Íslensk óskráð félög og sjóðir	1.341.413	1.370.289
Erlend óskráð félög	3.159.743	3.192.980
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals	7.045.077	6.097.536

12. Skuldabréf og langtímakröfur

Norvik á langtímakröfu á hlutdeildarfélagið OOO Komilesbusiness í Rússlandi að fjárhæð 28,5 millj. kr. (2022: 28,5 millj. kr.).

13. Birgðir

Bókfært verð birgða í árslok 2024 nam 11.054 millj. kr. (2023: 13.584 millj. kr.). Birgðir samanstanda aðallega af timbri og byggingarvörum. Vátryggingarverð birgða á Íslandi í árslok 2024 nam 9.566 millj. kr. (2023: 9.986 millj. kr.). Birgðir í Bergs Timber AB nema 4.350 millj. kr. í árslok 2024 (2023: 7.032 millj. kr.).

Veðsetningar

Birgðir samstæðunnar eru veðsettar í samræmi við ákvæði lánasamninga til tryggingar skuldbindingum samstæðunnar. Í einhverjum tilvikum hafa dótturfélög gefið út tryggingarbréf vegna birgða til tryggingar á skuldum sínum við viðskiptabanka sína.

14. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2024	2023
Viðskiptakröfur	4.810.034	6.218.092
Aðrar kröfur	716.586	419.285
Samtals viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	5.526.620	6.637.377

Skýringar, framhald:

15. Eignir til sölu

Í ágúst 2024 seldi Bergs Timber rekstur dótturfélagsins Fågelfors og í október var sölu- og dreifingastarfsemi í Bretlandi seld. Í desember 2024 samþykkti stjórn Bergs Timber, dótturfélag Norvik, sölu á félaginu Vika Wood sem rekur sögunarmyllu í Lettlandi. Í lok janúar 2025 gekk salan í gegn. Í ársreikningi Bergs Timber er rekstur þessara félaga færð sem aflögð starfsemi og eignir til sölu í lok árs 2024. Samanburðartölur fyrir rekstrareikning og efnahagsreikning Bergs Timber hafa verið endurreiknaðar fyrir árið 2023 til að greina aflagða starfsemi frá áframhaldandi starfsemi Bergs Timber en ekki hefur verið framkvæmd slík aðlögun á samanburðartölum 2023 fyrir samstæðuna. Rekstraráhrif á samstæðu Norvik fyrir árið 2023 eru óverulegar þar sem Bergs Timber var aðeins einn mánuð inni í samstæðunni eftir yfirtöku Norvik á félaginu. Rekstur þessara félaga er nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi. Afkoma félaganna á tímabilinu er eftirfarandi:

	Áhrif á samstæðu 2024
Samtals áhrif á tekjur	14.013.380
Samtals áhrif á aðrar tekjur	104.480
Samtals áhrif á gjöld	(13.321.200)
Samtals áhrif á EBITDA	796.660
Samtals áhrif á afskriftir og endurmat	(522.400)
Hagnaður fyrir skatta	274.260
Skattar	(7.850)
Samtals áhrif af aflagðri starfsemi	266.410

Í lok rekstrarársins voru eignir og skuldir Vika Wood flokkaðar sem eignir og skuldir til sölu og greinast eftirfarandi:

Fastafjármunir	6.297.570
Veltufjármunir	4.241.468
Langtímaskuldir	13.168
Skammtímaskuldir	377.100
Samtals eignir flokkaðar til sölu	10.148.770

Sjóðsstreymisáhrif af aflagðri starfsemi:

Handbært fé frá rekstri af aflagðri starfsemi	1.253.760
Fjárfestingahreyfingar í aflagðri starfsemi	26.120
Fjármögnunarhreyfingar í aflagðri starfsemi	0

Skýringar, framhald:

16. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé félagsins nam 309 millj. kr. í árslok 2024. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Í árslok 2024 á félagið engin eigin bréf en á síðasta aðalfundi félagsins var hlutfé lækkað sem nam eigin bréfum að nafnverði 18,4 millj. kr.

Lögbundinn varasjóður

Félaginu ber samkvæmt lögum að leggja minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í varasjóð uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutfjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutfjárins að leggja til hliðar. Félaginu er heimilt að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nemi varasjóður meiru en einum fjórða hluta hlutfjárins og er þá félaginu heimilt að ráðstafa þeirri fjárhæð sem umfram er.

Þýðingarmunur

Gengismunur sem myndast við þýðingu reikningsskila dóttur- og hlutdeildarféлага sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum við gerð samstæðu er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár, þýðingarmunur.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum auk óinnleystar matsbreytingar skráðra verðbréfa meðal markaðsverðbréfa.

Arður

Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði 400 millj. kr. til hluthafa á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024.

Hagnaðarhlutur

Hagnaður á hlut á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa og vegins meðaltals hlutfjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutfjár.

Hagnaðarhlutur er hlutfall afkomu og vegins meðaltals fjölda hluta á árinu:

	2024	2023
Hagnaður á hverja nafnverðs krónu hlutfjár	9,63	4,12

17. Skatteign (tekjuskattsskuldbinding)

Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) samstæðunnar greinist þannig árið 2024:

	Skatteign	Tekjuskatts- skuldbinding	Nettó 2024
(Skatteign) tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2024	(464.465)	2.968.296	2.503.831
Tekjuskattur ársins	0	401.889	401.889
Tekjuskattur til greiðslu	(108.371)	(187.430)	(295.801)
Aðrar breytingar	497.416	(439.055)	58.361
(Skatteign) tekjuskattsskuldbinding í árslok	(75.420)	2.743.700	2.668.280

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar greinist þannig á liði:

Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir	138.270	2.752.012	(3.231.137)
Birgðir	12.570	63.573	(76.144)
Viðskiptakröfur	(12.570)	(5.281)	17.852
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(351.960)	(75.649)	366.973
Gengismunur	0	9.045	(8.617)
Aðrir liðir	138.270	0	(129.920)
(Skatteign) tekjuskattsskuldbinding í árslok 2024	(75.420)	2.743.700	(2.066.160)

Skýringar, framhald:

17. Skatteign (tekjuskattsskuldbinding), frh.

Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) samstæðunnar greinist þannig árið 2023:

	Skatteign	Tekjuskatts- skuldbinding	Nettó 2023
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í ársbyrjun 2023	84.405 (	2.510.255) (	2.425.850)
Tekjuskattur ársins	(60.190)	407.302	347.112
Tekjuskattur til greiðslu á Íslandi	(112.896) (	323.668) (	436.564)
Breytingar á samstæðu	(464.465)	0 (	464.465)
Aðrar breytingar	133.128 (	121.657)	11.471
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok 2023	(420.018)	(2.548.278) (	2.968.296)

Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) samstæðunnar greinist þannig á liði:

Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir	(2.408) (	2.726.390) (	2.728.798)
Birgðir	1 (	80.375) (	80.374)
Viðskiptakröfur	77.186	29.690	106.876
Yfirfæranlegt skattalegt tap erlendis	(464.465)	0 (	464.465)
Gengismunur	(6.331)	2.149 (	4.182)
Aðrir liðir	(24.000)	226.647	202.647
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok 2023	(420.017)	(2.548.279) (	2.968.296)

18. Vaxtaberandi skuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	2024	2023
Langtímaskuldir:		
Verðtryggð lán í íslenskum krónum	17.372.599	13.910.963
Langtímaskuldir í erlendri mynt	4.149.087	5.335.359
Samtals skuldir	21.521.685	19.246.322
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	21.521.685	19.246.322
Næsta árs afborganir	(3.745.792) (	3.310.399)
Langtímaskuldir í árslok	17.775.893	15.935.923

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

2025/2024	3.745.792	3.310.399
2026/2025	3.159.621	1.609.135
2027/2026	6.153.234	4.635.213
2028/2027	357.624	5.886.720
2029/2028	1.599.561	374.486
Afborganir síðar	6.505.854	3.430.369
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	21.521.686	19.246.322

Skýringar, framhald:

19. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2024	2023
Viðskiptaskuldir	4.864.551	9.421.608
Skattar ársins	295.801	341.407
Ófrágengin viðskipti	0	716.841
Aðrar skammtímaskuldir	4.473.561	1.955.307
Samtals	9.633.914	12.435.163

20. Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðilum

Hluthafar, dóttur- og hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í meirihlutaeigu þeirra eiga teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við tengda aðila

Keyptar vörur og þjónusta hjá hlutdeildarfélögum á árinu 2024 nam 934 millj. kr. (2023: 1.008 millj. kr.). Skuldir í árslok námu 166 millj. kr., fært meðal lánardrottna (2023: 223 millj. kr.).

Laun og hlunnindi til framkvæmdastjórnar og stjórnar félaga í samstæðunni koma fram í skýringu 6.

21. Dótturfélög

Norvik hf. átti sjö dótturfélög í árslok 2024 en þau voru:

	Land	Eignarhlutur	
		2024	2023
Bergs Timber AB., Stokkhólmur (timburvinnslufyrirtæki) *	Svíþjóð	100,0%	59,2%
Kivron AB., Stokkhólmur (eignarhaldsfélag)	Svíþjóð	100,0%	100,0%
BYKO ehf., Kópavogur (byggingavöruverslun)	Ísland	100,0%	100,0%
Smáragarður ehf., Kópavogur (fasteignafélag)	Ísland	100,0%	100,0%
Hólf og gólf ehf., Kópavogur (enginn rekstur)	Ísland	100,0%	100,0%
Kambstál ehf., Hafnarfirði (iðnaðarfyrirtæki)	Ísland	75,0%	75,0%
SIA Norvik Timber Industries, Lettland (fasteignafélag)	Lettland	100,0%	100,0%

* Undir lok árs 2023 gerði Norvik yfirtökuþilboð Bergs Timber AB sem Norvik átti fyrir 58,67% hlut og á árinu 2024 eignaðist Norvik allt hlutfé í félaginu, beint og óbeint í gegnum sænskt dóttufélag, Kivron AB, sem var stofnað sérstaklega í kringum yfirtökuna. Yfirtökuferlinu lauk formlega í febrúar 2025 þar sem ekki kom til frekara uppgjörs við hluthafa í félaginu. Bergs Timber AB heldur utan um rekstur sjö dótturfélaga sem eru með rekstur framleiðslufyrirtækja í timburiðnaði og sölu á timburtengdum afurðum í Svíþjóð, Lettlandi, Póllandi og Bretlandi.

22. Þóknarir til endurskoðenda

	2024	2023
Endurskoðun ársreiknings	73.416	12.731
Önnur þjónusta	16.743	5.483
Samtals	90.160	18.214

23. Leigusamningar

Samstæðan hefur gert húsaleigusamninga við þriðja aðila um það húsnæði sem starfsemin er í. Rekstrarleigugjöld námu 128 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 122 millj. kr.). Þau eru færð í rekstrareikning meðal annars rekstrarkostnaðar.

Áætlaðar leigugreiðslur nema á árinu 2025 um 134 millj. kr. miðað við verðlag í ársbyrjun 2025. Áætlaðar leigugreiðslur næstu fimm ár greinast þannig í millj. kr.:

Árið 2025	141.790
-----------------	---------

24. Áhættustjórnun

Yfirlit

Helstu fjárhagslegu áhættur sem samstæðan býr við eru: lánsáhætta, lausafjáraáhætta og markaðsáhætta. Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Áhættustýring

Stjórn, ásamt framkvæmdastjóra, hefur forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins auk þess að koma á virku kerfi innra eftirlits. Áhættustýring félagsins er framkvæmd af stjórnendum félagsins í samræmi við reglur sem stjórn félagsins samþykkir. Markmið félagsins er að stýra áhættu á skilvirkan hátt og tryggja meðvitund um gagnsæi áhættustýringar á öllum stigum, allt frá stjórn niður á einstaka starfsmenn. Áhættustýring félagsins miðast að því að áhætta sé í samræmi við áhættuvilja og stefnu félagsins og þannig stuðla að auknum stöðuleika og langtímaarðsemi.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingu.

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Ef viðskiptavinir standa ekki við sínar skuldbindingar er samningum rift eða krafist frekari trygginga gegn greiðslum. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fylgjast mánaðarlega með stöðu krafna í samstæðunni. Dótturfélög færa niðurfærslu á viðskiptakröfum til að mæta hugsanlegum útlánatöpum þar sem byggt er á aldursgreiningu krafna, efnahagsástandi hverju sinni á þeim mörkuðum sem starfað er á og framtíðarhorfum.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2025 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

Lausafjárstaða samstæðunnar var sterk í árslok 2024 og telja stjórnendur samstæðunnar félögin vera í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær koma til greiðslu. Auk þess að hafa handbært fé til reiðu hefur samstæðan aðgang að lánalínum til að mæta sveiflum í rekstri.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði vaxta eða breytingar í gengi erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Verðáhætta

Heimsmarkaðsverð á timbri og stáli er sú verðáhætta sem telst mest fyrir samstæðuna. Verð á mörkuðum á þessum vörum hefur verið töluvert sveiflukennt undanfarin ár. Stjórnendur innan samstæðunnar hafa ekki talið þörf á að gerðir séu framvirkir samningar á hrávörumarkaði til að mæta þeirri áhættu.

25. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Í lok janúar 2025 lauk Bergs Timber sölu á dótturfélaginu Vika Wood SIA í Lettlandi. Í kjölfarið greiddi Bergs Timber upp allar vaxtaberandi skuldir félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn Norvik hf. leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur sett sér starfsreglur þar sem fylgt er *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja*, þar er valdsvið hennar skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum starfsmanna, stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Stjórnarhættir Norvik hf. (hér eftir Norvik eða félagið) leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku. Stjórnarháttayfirlýsing Norvik byggir á þeim lögum og reglum sem og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur félagsins er staðfestur af stjórn ár hvert. Hér fyrir neðan má finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttar félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja að því marki sem við á. Gildandi starfsreglur voru fyrst samþykktar á stjórnarfundum þann 24. október 2012 og hafa verið uppfærðar reglulega síðan.

Lög og reglur um starfsemina

Norvik er hlutafélag sem starfar eftir lögum um hlutafélög nr.2/1995. Norvik er móðurfélag Norvik samstæðunnar og fer með virka eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum sínum, bæði íslenskum og erlendum. Íslensk dótturfélög starfa öll eftir lögum um einkahlutafélög nr.138/1994. Erlend dótturfélög starfa eftir þeim lögum sem gilda í þeim löndum sem þau eru með starfsemi í.

Stjórnarhættir

Stjórn Norvik hf. leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (síðast gefið út í febrúar 2021). Leiðbeiningarnar má finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is. Í meginráttum fylgir félagið Leiðbeiningum um stjórnarhætti og leggur áherslu á að upplýsingar um rekstur og aðgerðir séu gegnsæjar. Félagið hefur þó ekki skipað tilnefningarnefnd til ráðgjafar við val á frambjóðendum í stjórn, þar sem þess hefur ekki verið talin þörf.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart framkvæmdastjórum. Núverandi starfsreglur voru settar í árið 2012 og síðast endurskoðaðar í febrúar 2023. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira.

Gildi félagsins

Norvik hefur sett sér gildi sem eigendur, stjórnendur og starfsmenn skulu hafa í hávegum.

Frumkvæði - Hvetja til frumkvæðis stjórnenda og starfsfólks dótturfélaga.

Ábyrgð - Berum ábyrgð á umhverfi okkar og því samfélagi sem við störfum í.

Sanngirni - Sýnum starfsmönnum, viðskiptavinum og samstarfsaðilum sanngirni.

Hógværð - Komum fram af hógværð og berum virðingu fyrir samferðafólki okkar.

Hluthafar og hluthafafundur

Stjórn skal boða til hluthafafunda í ábyrgðabréfi eða tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt. Til aðalfundar skal boða með 14 daga fyrirvara en aukafunda með 7 daga fyrirvara og skal geta fundarefnis í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða helmingi hlutafjár í félaginu hið minnsta. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá og skulu hlutabréf tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa.

Stjórn

Samkvæmt samþykktum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Stjórn skipa nú fimm stjórnarmenn og er hún samsett af þremur karlmönnum og tveimur konum og eru því kynjahlutföll í samræmi við lög. Stjórnarmenn hafa fjölbreytta menntun og hafa viðtæka reynslu úr atvinnlífinu.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Stjórn, frh.

Jón Helgi Guðmundsson, formaður stjórnar

Jón Helgi Guðmundsson (1947) er stjórnarformaður Norvik, og hefur stýrt þróun og uppbyggingu samstæðunnar síðustu áratugi. Jón Helgi kom að rekstri BYKO ungur að árum og tók við keflinu af föður sínum og móðurbróður sem stofnuðu BYKO árið 1962. Hann útskrifaðist sem Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1973, og lauk framhaldsmenntun í viðskiptafræði frá Penn State University. Jón Helgi hefur setið í stjórn fjölmargra fyrirtækja í gengum tíðina og er nú stjórnarmaður í Bergs Timber AB í Svíþjóð. Hann er einnig stjórnarmaður í Bitus-Lat auk BYKO ehf. og Smáragarði ehf.

Jón Helgi á óbeint 29,40% hlutfé í Norvik hf. og er háður stjórnarmaður.

Guðmundur Halldór Jónsson, varaformaður stjórnar

Guðmundur H. Jónsson (1977) er hluthafi í Norvik og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2004. Hann lauk BS gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2001. Guðmundur er stjórnarformaður BYKO ehf. og hefur auk þess setið í stjórn fjölmargra annarra félaga, m.a. Smáragarðs ehf., Bergs Timber AB í Svíþjóð, GreenGold AB í Svíþjóð, Sternu ehf. og Steinullar hf.

Guðmundur Halldór á beint og óbeint 24,49% hlutfé í Norvik hf. og er háður stjórnarmaður.

Íðunn Jónsdóttir, stjórnarmaður

Íðunn Jónsdóttir (1970) er hluthafi í Norvik og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2004. Íðunn útskrifaðist sem rekstrarfræðingur frá Tækniskólanum 1992, og lauk viðskiptafræðigráðu frá Háskólanum á Bifröst 2001. Hún var framkvæmdastjóri verslanna BYKO á árunum 2004-2007, hefur tekið þátt í ýmsum öðrum rekstri innan félaga Norvik, setið í stjórn BYKO um árabíl og einnig annarra dótturfélaga, og einnig sá hún um stofnun og uppbyggingu á auglýsingastofunni EXPO. Íðunn er stofnandi og stjórnarmaður í Modulus ehf., fyrirtæki sem flytur inn og selur tilbúnar húseiningar til einstaklinga og fyrirtækja.

Íðunn á beint og óbeint 19,17% hlutfé í Norvik hf. og er háður stjórnarmaður.

Steinunn Jónsdóttir, stjórnarmaður

Steinunn Jónsdóttir (1968) er hluthafi í Norvik og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2004. Steinunn er með BFA gráðu í innanhússhönnun frá NESAD/Suffolk University, Boston, og lauk framhaldsmenntun í myndlist frá SMFA/Tufts University, Boston. Hún útskrifaðist með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2006. Steinunn hefur tekið þátt í mörgum fjárfestingaverkefnum í Íslandi gegnum tíðina og setið í stjórn ýmissa félaga og sjóða. Hún er stofnandi og framkvæmdastjóri Listasetursins Bær ses. (Baer Art Center) í Skagafirði og rekur hrossaræktarþú á jörð sinni þar.

Steinunn á beint og óbeint 24,49% hlutfé í Norvik hf. og er háður stjórnarmaður.

Þórður Magnússon, stjórnarmaður

Þórður (1949) hefur setið í stjórn Norvik síðan 2002. Hann er einn af stofnendum Eyfir Invest. Áður var hann fjármálastjóri Eimskip í yfir 20 ár og sat í stjórn fjölda fyrirtækja fyrir hönd Eimskip. Þórður hefur setið í stjórn fjölda fyrirtækja sem tengjast rekstri Eyfir Invest ehf. Auk þess situr hann í stjórn nokkurra annara félaga. Einnig hefur hann setið í stjórn Viðskiptaráðs og Samtaka Atvinnulífsins og stjórn Háskóla Reykjavíkur og fleiri stjórn. Þórður er með MBA gráðu frá Háskólanum í Minnesota og Cand.Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Þórður er ekki hluthafi í Norvik hf. og er því óháður stjórnarmaður.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Starfsemi stjórnar

Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Í starfsreglum stjórnar eru helstu verkefni og valdsvið stjórnar, formanns stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreind. Fylgt er Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins, hefur eftirlit með að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti. Meginhlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að rekstur þess og starfsemi sé í samræmi við lög, samþykktir og stefnu félagsins. Stjórn ber að setja markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum. Frá aðalfundi 2024 vegna rekstrarársins 2023 voru haldnir 10 stjórnarfundir. Leitast er við að boða stjórnarfundir þegar að allir stjórnarmenn geta tekið þátt. Allir stjórnarfundir á starfsárinu voru ákvörðunarbærir.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn skipa framkvæmdastjóri, fjármálastjóri auk starfandi varaformanns stjórnar. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að stýra daglegum rekstri Norvik hf.

Gísli Jón Magnússon, framkvæmdastjóri

Gísli Jón Magnússon (1975) hefur verið framkvæmdastjóri Norvik frá árinu 2021. Hann var sjálfstæður ráðgjafi og kom að ýmsum verkefnum fyrir Norvik og BYKO á árunum 2016-2021. Hann var fjármálastjóri Festi frá 2013-2016 en áður hafði hann starfað hjá Norvik sem fjármálastjóri Kaupás frá árinu 2004. Gísli Jón er með BS gráðu í viðskiptafræði með áherslu á fjármál frá Háskóla Íslands og MSc gráðu í fjármálum og alþjóða viðskiptum frá viðskiptaháskólanum í Árósum. Gísli Jón situr í stjórn BYKO ehf., Atlögu ehf., Bergs Timber AB í Svíþjóð og stjórnarformaður Smáragarðs ehf. og 12H13 ehf. auk þess að sitja í ráðgjafaráði Leitar Capital Partners ehf.

Harpa Vífilsdóttir, fjármálastjóri

Harpa Vífilsdóttir (1982) hóf störf hjá Norvik árið 2022 sem fjármálastjóri samstæðunnar. Hún var áður fjármálastjóri hjá Valitor og starfaði hjá félaginu á árunum 2016-2022. Harpa var starfsmaður Fjárvakurs, dótturfélags Icelandair árin 2015-2016. Harpa er löggiltur endurskoðandi og starfaði hjá KPMG á árunum 2006-2015 við endurskoðun stórra og meðalstórra fyrirtækja. Harpa hefur setið í stjórnum dótturfélaga Valitor. Harpa er með MSc gráðu í reikningsskilum og endurskoðun frá Háskólanum í Reykjavík og BSc gráðu í viðskiptum og stjórnun frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Harpa situr í stjórn Smáragarðs ehf. ásamt því að sitja í endurskoðunarnefndum Kaldalóns hf. og Bergs Timber AB í Svíþjóð.

Innri eftirlit og áhættustýring

Eitt af hlutverkum stjórnar og framkvæmdastjórnar er að móta stefnu og markmið félagsins auk þess að skilgreina áhættuviðmið fjárfestinga félagsins til lengri og skemmri tíma. Auk þess er hlutverk stjórnar og framkvæmdastjórnarað viðhalda virku innra eftirliti í rekstri félagsins og eftirlit með fjárfestingum félagsins. Markmiðinnra eftirlits er meðal annars að tryggja áreiðanleika fjárhagslegra upplýsinga og að farið sé eftir lögum og reglum hvað varðar bókhald og aðra starfsemi félagsins. Félagið hefur ekki ráðið til sín innri endurskoðanda en í stað þess hefur ytri endurskoðandi unnið ferlaúttektir á afmörkuðum þáttum í starfseminni.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Stærstu rekstrarfélög samstæðunnar hafa undanfarin ár markað sér skýra stefnu í sjálfbærnimálum og setja fram greinagóða sjálfbærnisráðgjöf. Þessi rekstrarfélög hafa verið framúrskarandi þegar kemur að upplýsingagjöf í sjálfbærnimálum. Sjálfbærnivegferð samstæðufélaga er í stöðugri þróun og hafa verið teknir fundir í móðurfélagi þar sem línur hafa verið lagðar um hvernig upplýsingagjöf samstæðunnar er háttað. Sem niðurstaða af þeirri vinnu eru nú í þessum samstæðuársreikningi birtir helstu þættir sem fram koma í sjálfbærni skýrslum dótturfélaganna Bergs Timber AB og BYKO ehf. Þessi félög eru 93% af veltu samstæðunnar og 46% af eignum samstæðunnar. Þessi tvö félög eru með 98% af meðal stöðugildum á árinu 2024. Önnur félög innan samstæðunnar teljast óveruleg í þessu samhengi og eru því ekki hluti af upplýsingagjöfinni. Þess ber þó að geta að hugsunarhátturinn um jákvætt kolefnisspor nær þvert yfir samstæðuna og má í því samhengi nefna að fasteignafélagið Smáragarður ehf. er með vottunarferli á tveimur nýjum húsum eftir BREEAM staðli og endurbætur á einu húsi eru í vottunarferli til Svansins.

Starfsemi samstæðunnar

Norvik hf er íslenskt eignarhaldsfélag sem rekur dóttur- og hlutdeildarfélög einkum á byggingavörumarkaði, timburvinnslu ásamt fasteignarekstri. Félagið var stofnað árið 2000 en á rætur til stofnunar BYKO árið 1962. Félagið hefur í gegnum dótturfélög sín haft mikil umsvif á sviði timburvinnslu erlendis og rekið smásöluverslanir í ýmsum geirum í gegnum tíðina. Helsta starfsemi samstæðunnar á Íslandi er rekstur byggingarvöruverslana BYKO og fasteignafélagsins Smáragarðs en bæði þessi félög eru í 100% eigu Norvik auk þess sem Norvik hefur stundað fjárfestingarstarfssemi ýmis konar. Undir lok árs 2023 gerði Norvik yfirtökutilboð í Bergs Timber AB og eignaðist félagið að öllu leiti árið 2024.

Bergs Timber var stofnað 1923 og samanstandur nú af tíu sjálfstæðum dótturfélögum með skýra hagnaðarábyrgð sem þróa, framleiða og markaðssetja unnið timbur til margvíslegra nota. Með áralanga reynslu í timbri og með mikla sérþekkingu á vinnslu leggur félagið sitt af mörkum til að byggja upp sjálfbært samfélag sem byggir á endurnýjanlegu viðarhræfni. Félagið innan samstæðu Bergs Timber AB starfa í Svíþjóð, Lettlandi, Póllandi og Bretlandi og eru vörur félagsins seldar til um 30 landa. Stærstu markaðir eru Skandinavía, Þýskaland, Bretland, Ísland og Frakkland. Höfuðstöðvar eru í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Bergs Timber er með skýra sjálfbærnistefnu sem nær yfir alla virðiskeðjuna – allt frá skógrækt til fullunnar vöru. Með áherslu á að draga úr kolefnisfótspori sínu og stuðla að hringrásarhagkerfi vinnur samstæðan stöðugt að:

- Ábyrg skógarstjórnun: Allar viðarafurðir sem keyptar eru eiga uppruna sinn í vottuðum og sjálfbærum skógum.
- Orku- og auðlindanýting: Með því að hámarka framleiðsluferla lágmarkar samstæðan sóun og hámarkar nýtingu hráefna. Afgangar frá framleiðslu eru nýttir í líforku.
- Sjálfbær efni og kemísk efni: Gegndreypping og yfirborðsmeðhöndlun fer fram í lokuðum ferlum til að tryggja lágmarksáhrif á fólk og umhverfi.
- Hringrás og líftími vöru: Vörur samstæðunnar eru hannaðar til að vera endingargóðar í kynslóðir og síðan endurvinnanlegar, sem þýðir mjög langan líftíma vörunnar.

Langtíamarkmið samstæðunnar er að vera til fyrirmyndar í viðariðnaði hvað varðar sjálfbærni og nýsköpun með áherslu á að skapa verðmæti fyrir viðskiptavinum og samfélagið í heild.

BYKO var stofnað árið 1962 af þeim Guðmundi H. Jónssyni og Hjalta Bjarnasyni þar sem þeir opnuðu 135 fermetra byggingavöruverslun við Kársnesbraut í Kópavogi. Í upphafi var einungis verslað með grófa vöru en innan árs var opnuð þar smávöruverslun. Síðan þá hefur BYKO verið leiðandi fyrirtæki á íslenskum byggingavörumarkaði sem þjónustar einstaklinga og fagaðila í byggingariðnaði. BYKO rekur byggingarvöruverslanir í Kópavogi, Reykjavík, Reykjanesbæ, Selfossi og Akureyri. BYKO rekur einnig leigumarkað og vöruhús í Hafnafirði, vöruhús í Reykjavík og Garðabæ, lagnadeild og vöruhús í Kópavogi og timburverslanir.

Þá hefur BYKO lagt áherslu á fimm kjarnamarkmið Heimsmarkmiðanna 17 sem eru mest viðeigandi fyrir starfsemi BYKO en styðja samtímis við þau markmið sem eru skilgreind sem mikilvæg og eru þau: 5. Jafnrétti kynjanna; 8. Góð atvinna og hagvöxtur; 9. Nýsköpun og uppbygging; 12. Ábyrg neysla og framleiðsla; 17. Samvinna um markmiðin.

Stærsta dótturfélagið sem ekki hefur innleitt sjálfbærni stefnu hjá sér er Smáragarður ehf. Smáragarður er fasteignafélag með þann megintilgang að leigja út, þróa og byggja fasteignir. Félagið er með í útleigu um 74.000 m² viðsvegar um Ísland en þó aðallega á suðvesturhorninu. Smáragarður hefur staðið að fjölda uppbygginga á húsnæðum í gegnum tíðina og eru síðustu verkefni byggð upp með það fyrir augum að fá BREEAM eða Svansvottun á húsin. Sú vottun stendur nú yfir á þremur fasteignum félagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Umhverfismál

Norvik hf. er fjárfestingarfélag og horfir félagið til umhverfismála við fjárfestingar og er stefnan að auka grænar fjárfestingar á næstu árum en nú þegar hefur verið fjárfest í fyrirtæki erlendis sem sérhæfir sig í framleiðslu matvæla með plöntum sem uppistöðu. Félagið leggur einnig áherslu á að dótturfélög sín hafi umhverfismál að leiðarljósi.

BYKO er hluti af þeirri virðiskeðju að geta boðið markaðnum upp á vistvæn byggingarefni og stuðlað að betri framtíð með því að auka sjálfbærni og draga úr loftlagsáhrifum með aðgerðum. BYKO hefur töluverð umhverfisáhrif í sinni eigin starfsemi, mest eru umhverfisáhrifin þó í gegnum þær vörur eða þjónustu sem BYKO hefur upp á að bjóða. BYKO ber því skylda til að leggja áherslu á vöruframboðið ekki síður en á eigin starfsemi. Stefna BYKO í umhverfissmálum byggir einkum á þremur kjarnamarkmiðum heimsmarkmiðanna og leitast eftir nýsköpun og uppbyggingu í vöruframboði, ábyrgri neyslu og framleiðslu í gegnum fræðslu og traustum innkaupum og sömuleiðis samvinnu um markmiðin þvert yfir aðfangakeðjuna.

Umhverfisstefnan í BYKO hefur þrjú meginþemu:

- Vistvænt vöruframboð
- Fræðsla til viðskiptavina
- Innra starf

Í BYKO er leitast við að hafa samstarf við birgja sem huga að umhverfi sínu, eru vottaðir sem slíkir og framleiða vörur sínar með eins vistvænum hætti og unnt er. Þá er stöðugt leitast við að taka ákvarðanir sem stuðla að heilbrigðu umhverfi og skynsamlegri nýtingu auðlinda með því að spara orku, minnka úrgang og starfa í sem mestri sátt við umhverfið á hverjum stað. Það er hluti af skyldu BYKO að fræða viðskiptavinum um umhverfismál, sú fræðsla verður samtímis að vera rétt og hlutlaus. Álitamálin fjalla annars vegar um það hvernig hægt er að segja að vara sé leyfileg í vottað hús án þess að varan sé sjálf vottuð t.d. í Svansvottun eða BREEAM vottun og hins vegar hvort og þá hvernig skuli vinna með rekjanleika svo hægt sé að staðfesta að timbur komi frá sjálfbærri skógrækt.

Á árinu 2023 hlaut BYKO FSC og PEFC vottanir ásamt því að fá Svansvottun á gluggum sem framleiddir hafa verið í yfir 30 ár. Á árinu 2024 tók félagið svo næstu skref á vegferðinni með því að flytja starfsemi sína við Skemmuveg 2a inn í vistvæna byggingu, nýjar höfuðstöðvar samanstanda af nýbyggingu sem er í BREEAM vottunar ferli ásamt því að endurbætur eldra húsnæðis eru í Svansvottunarferli.

Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Slík þróun snýst um að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindi eflað fyrir alla jarðarbúa til langs tíma.

BYKO hefur sett sér heildstæða sjálfbærnistefnu byggða á þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem fyrirtækið vinnur að. Þá tekur umhverfisstefnan fyrir áhrif reksturs BYKO á loftlagsbreytingar og tíundar mótþægisaðgerðir og aðlögunar að þeim breytingum. Helstu áhættuþættir snúa að flutningum, t.a.m. vöruflutningar, bílferðir og flugferðir en stærsta áskorunin er innbyggt kolefnisspor í byggingarvörum, þ.e. kolefnislosun við framleiðslu byggingarvara. Umfang beinnar og óbeinnar losunar gróðurhúsalofttegunda er sett fram í þremur umfangum í sjálfbærnisráðgjafi BYKO.

Kröfur og markmið eru í sífelldri þróun og skal stefna þessi og markmið hennar vera yfirfarin árlega. Framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á sjálfbærnistefnu fyrirtækisins í daglegum rekstri og skulu setja markmið fyrir hverja einingu sem stuðla að því að ná settum markmiðum. Allir starfsmenn BYKO fá fræðslu sem gerir þeim kleift að skilja áhrif starfa þeirra á sjálfbærnimarkmið fyrirtækisins. Á sama tíma leitast BYKO við að draga úr losun í samstarfi við starfsfólk, t.a.m. með deililíbílum sem ganga fyrir rafmagni og bjóða upp á hleðslustöðvar til að styðja starfsfólk til að nota vistvænni samgöngur og býðst starfsfólki að hlaða sér að kostnaðarlausu 3 klst á dag. Jafnframt býður BYKO upp á samgöngustyrk sem greiðist mánaðarlega og skuldbindur þá starfsmaður sig til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum samgöngumáta að jafnaði fjórum sinnum í viku eða 15 daga í mánuði.

BYKO horfir á þrjár stoðir sjálfbærninnar sem kallast UFS sem stendur fyrir umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnaþætti (e. Environmental, Social and Governance (ESG)). Það eru viðmið sem fyrirtæki gætir að umhverfislegum áhrifum starfsemi sinnar (U), hvernig fyrirtæki kemur fram við starfsfólk sitt, birgja, viðskiptavini og samfélagið sem það starfar í (F), og viðmið um stjórnaþætti, t.d. fjölbreytni og fyrirkomulag stjórnar, mótþægni og spillingu (S).

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Umhverfismál frh.

Sjálfbærnistefnunni er skipt í þrjá hluta

- BYKO sem vinnustaður
Jafnréttismál og umhverfismál
- Viðskiptavinurinn
Þjónusta, fræðsla, samstarf og vistvæn byggingarefni
- Aðfangakeðjan
Birgjar, mannréttindi og vinnuréttindi

Bergs Timber verður sjálfbært fyrirtæki til lengri tíma litið. Sjálfbærnistefna Bergs Timber og aðgerðir sem fyrirtækið tekur til að standa eftir stefnunni getur haft virk áhrif á þróunina í átt að minni CO2 losun, stuðlað að auðlindanýtnari og hreinni virðis_keðjum og heilbrigðum staðbundnum samfélögum. Árangur Bergs Timber veltur á getu þess til að skapa verðmæti sem mæta óskum og þörfum hagsmunaaðila fyrir sjálfbærar vörur á sama tíma og tekið er tillit til efnahagslegra, umhverfislegra og félagslegra áhrifa við sköpun þeirra verðmæta. Sjálfbærnistarf Bergs Timber þarf því að einkennast af langtímahugsun. Við leggjum okkur fram um að vinna okkar sé fyrst og fremst gagnleg í ferlum sem við getum haft bein áhrif á, en einnig í hlutverki okkar sem innkaupaaðili hráefna og þjónustu sem tengist heildarframboði okkar. Þess vegna er mikilvægt að vinnan veki traust meðal fjárfesta, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila.

Viður er eina endurnýjanlega byggingarefnið sem einnig bindur og geymir kolefni allan líftíma sinn og stuðlar að minni loftslagsáhrifum samanborið við önnur byggingarefni. Sambland af því að búa til aðallega sérsniðnar vörur úr viði með mjög langan líftíma, ásamt skilvirku og iðnvæddu framleiðsluferli með ábyrgum virðis_keðjum, er stærsta framlag Bergs Timber til sjálfbærrar samfélagsþróunar. Vörur sem dótturfélög Berg Timber framleiða og selja stuðla að sjálfbærri þróun til lengri tíma litið. Gluggar og hurðir sem eru gerðar til að endast í kynslóðir, byggingaríhlutir fyrir húsframleiðslu sem geta komið í stað annarra efna eins og stáls, áls, plasts og steypu eru nokkur dæmi þar sem starfsemi Bergs timber skapar lausnir sem stuðla að heilbrigðum og hringlaga virðis_keðjum, þar sem auðlindir nýtast sem best og þar sem vinnuumhverfi, öryggi og traustar viðskiptareglur eru í fyrirrúmi. Samþætt sjálfbærni og samfélagsþátttaka haldast í hendur við verðmætasköpun til lengri tíma litið. Það gegnsýrir hvert skref á leiðinni, allt frá fjárfestingarútreikningum, verksmiðjuuppsetningu, hráefnisöflun, framleiðslu, markaðssetningu og sölu.

Fyrir árið 2024 gerir Bergs Timber skýrslu í samræmi við stofnkröfur ársreikningslaga, 6. kafla, 11. gr. Á árinu var unnið með það að markmiði að framtíðartryggja skýrslugjöf tengda CSRD (European Corporate Sustainability Reporting Directive). Farið hefur verið fram samtal við hagsmunaaðila og mikilvægisgreiningu með áherslu á tvöfalt mikilvægi. Stefnt hefur verið að því að fá viðeigandi ábendingar frá hinum ýmsu hagsmunaaðilum félagsins og tryggja að félagið geti uppfyllt góðar kröfur um skýrslugjöf til framtíðar.

Bergs Timber setti sér markmið árið 2021 um arðsemi til langs tíma þar sem lagt er upp með að hagnaður fyrir vexti og afskriftir sé yfir 9%. Til að ná þessu markmiði er farið mánaðarlega yfir uppgjör með dótturfélögum. Markmiðið náðist í uppgjöri 2022 en á árinu 2023 var EBITDA neikvæð. Í ár er niðurstaðan 6,2% og því undir markmiðum.

Liðir til þess að ná markmiðum um ábyrga öflun á hráefni í framleiðsluna hjá Bergs Timber er lagt áhersla á að útvega eins mikið vottað timbur og mögulegt er og tryggja aðfangakeðjuna. Horft er til þess hafa eins hátt hlutfall af endurunnu gleri og mögulegt í er og samtal við birgja um gæði, afköst o.s.frv. Sala á gluggum með U-gildi 1,0 eða lægra og sala hurða með U-gildi 1.2 eða lægra skal vera ívilnandi.

Markmiðin hafa verið stigvaxandi síðan 2022 og var niðurstaðan þá 70%, árið 2023 náðust markmið og niðurstaðan 75%. Markmiðið fyrir árið 2024 var 80% en því miður náðust ekki markmiðin og niðurstaðan 76%. Markmið fyrir árið 2025 eru 82% og því þónokkur vinna sem þarf að leggja í á árinu til að uppfylla sett markmið.

Umhverfismál frh.

Bergs Timber hefur sett sér þau markmið að engin losun verði á jarðefnaeldsneyti í umfangi 1 og 2 frá og með árinu 2030. Þessu markmiði á að ná fram með nokkrum aðgerðum; auka hlutdeild sjálfbærrar orkunotkunar, aukin orkunýting, uppfærðum reglum um fyrirtækjabíla, við kaup á nýjum vélbúnaði skal einbeita þér að rafmagnsvalkostum og að lokum loftslagshagkvæmar lausnir ættu að vera í forgangi í nýbyggingum.

Unnið hefur verið markvisst að þessu markmiði og áfangamarkmið verið sett sem hafa náðst hingað til. Markmið ársins 2024 var að vera undir losun upp á 7.000 tonn og náðist það markmið náðist og var losun 5 800 tonn CO2 ígildi.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Umhverfismál frh.

Varðandi losun í umfangi 3 hefur Bergs Timber sett sér þau markmið að helminga losun frá árinu 2021 fyrir árið 2030. Áfangamarkmið hafa verið sett niður á ár og aðgerðir til að ná markmiðum er að óska eftir og auka eftirspurn eftir sjálfbærari flutningakostum ásamt því að krefja flutningafyrirtæki að setja sjálfbærari valkosti í forgang. Niðurstaða ársins 2024 var 24.594 tonn CO₂ ígildi en markmiðið var að vera undir 27.000 tonnum.

Í framleiðslu er mikilvægt að huga að nærumhverfinu. Eitt af markmiðum Bergs Timber er að engin mengun sé í grunnvatni frá rekstrinum og voru engin ný þekkt aðskotaefni í grunnvatni mæld á árinu 2024. Einnig er markmið að draga úr útgangi um 10% frá viðmiðum sem er árið 2021. Félagið hefur náð að taka vel á viðarúrgangi sem er hverfandi í rekstrinum en með aukinni framleiðslu á gluggum, hurðum og húseiningum hefur hlutdeild glers, stáls, innréttinga, málningu og einangrunar í úrgangi aukist. Fargaður úrgangur ársins 2024 var 1.791 tonn samanborið við 854 tonn árið 2022.

Samfélagsleg mál

Norvik hefur beitt sér í samfélagslegum málefni bæði með beinum styrkjum og einnig óbeint í gegnum rekstur dótturfélaga sinna. Norvik samstæðan hefur í gegnum tíðina komið að fjölda mörgum verkefnum tengdum samfélaginu og ber að nefna Guðmundarlund í Kópavogi þar sem hófst trjárækt í kringum 1967 en á seinni árum var svæðið gefið til Kópavogsbæjar.

Framleiðslueiningar Bergs Timber í Svíþjóð, Póllandi, Bretlandi og Lettlandi eru flestar staðsettar í dreifbýli. Þessi svæði verða fyrir neikvæðum áhrifum á ýmsan hátt af fólksfækkun, lítilli fjárfestingu í opinberri þjónustu og fækkun starfa í einkageiranum. Staðbundin fyrirtæki eins og Bergs gegna mikilvægu hlutverki í nærsamfélaginu, ekki aðeins sem atvinnurekendur heldur einnig með staðbundnum innkaupum á vörum og þjónustu. Að auki veita kaup frá staðbundnum undirverktökum fjármagnsinnstreymi til staðbundins hagkerfis. Á hinn bóginn er öflugt nærsamfélag forsenda þess að fyrirtækið geti ráðið og haldið í færni. Þannig er gagnkvæmur ávinningur á milli fyrirtækisins og nærsamfélagsins sem tengist heimsmarkmiði 11 (Sjálfbærar borgir og samfélög). Að auki er heimsmarkmið 10 (Að draga úr ójöfnuði) fangað með tilliti til þess að draga úr bili milli þéttbýlis og dreifbýlis. Ekkert magnbundið sjálfbærnimarkmið hefur verið skilgreint fyrir þennan þátt. Eins og kostur er, er reynt að útvega aðföng í nálægð við starfsemina til að lágmarka flutninga. Hafa ber í huga að gæði og verð verða að vinna saman.

BYKO hefur innleitt fjögur kjarnamarkmið sem eru hvað mest viðeigandi fyrir starfsemi fyrirtækisins og gert er grein fyrir í sjálfbærnisráðgjafi fyrirtækisins. BYKO hefur einnig ávallt haft það að leiðarljósi að styðja við samfélagsleg málefni og hefur til að mynda samfélagssjóður BYKO starfað frá árinu 2007. Tilgangur sjóðsins er að efla tengsl BYKO við samfélagið og sýna samfélagslega ábyrgð í verki. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja forvarnar- og æskulýðsstarf, menntun og önnur verkefni sem tengjast börnum og unglingum, nýsköpun- og sprotaverkefni ásamt sjálfbærniverkefnum. Á árinu 2024 var ákveðið að leggja áherslu á geðheilbrigðismál og sjálfbærniverkefni og voru úthlutanir úr sjóðnum til ýmissa umsækjenda líkt og Lífsbrúar, Pieta og frú Ragnheiðar ásamt íþróttareyfinga. Með úthlutunum úr samfélagssjóðnum vill BYKO leggja sitt að mörkum til annarra markmiða en sinna kjarnamarkmiða einkum í gegnum markmiði um samvinnu og vill þannig reyna að auka heilsu og velliðan og stuðla að bættu samfélagi í gegnum verkefni sem byggja á nýsköpun og uppbyggingu og leiðir þar til bættis samfélags sem byggir á auknum frið og réttlæti. Ekki hefur verið farið í að greina megináhættur samfélagsmála en þó er gerð sú krafa við umsókn að umsækjandi/fyrirtæki/félagasamtök styðji með verkum sínum við þau meginmarkmið Sameinuðu Þjóðanna sem BYKO styðst við.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Samfélagsleg mál frh.

BYKO gefur út sjálfbæriskýrslu fyrir rekstrarárið 2024 og skýrslan fylgir viðmiðum Global Reporting Initiative GRI Standards og unnin er í samstarfi við Klappir og Deloitte með það að markmiði að innleiða ESRS regluverk í sjálfbærni. Skýrsluna má finna á heimasíðu BYKO www.byko.is/sjalfbaerniskyrsla

BYKO hefur hlotið þó nokkrar viðurkenningar á undanförunum árum og má þar til dæmis nefna: Samfélagsskýrsla ársins (Festa, Viðskiptaráð Íslands og Stjórnvísir), Framúrskarandi fyrirtæki CreditInfo, Framúrskarandi samfélags-ábyrgð CreditInfo, Viðurkenning FKA, Íslenska ánægjuvogin og Framúrskarandi rekstur (Keldan). Á árinu 2021 skrifaði BYKO undir Loftlagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu.

Mannauður

Norvik leitast við að bjóða samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir starfsfólk sitt. Félagið stuðlar að endurmenntun og starfsþróun starfsfólks. Norvik hefur ávallt virt almenn mannréttindi og hvatt til allra almennra réttinda svo sem félagsfrelsis og almennra réttindi starfsmanna. Norvik hf. hefur sett sér reglur um spillingu og mútur og framfylgir lögum um peningaþvætti.

Öruggi og jafnrétti á vinnustað eru mikilvægur þáttur í sjálfbærni Bergs Timber. Með lögum er lagður grunnur að því að tryggja öllum starfsmönnum góð vinnuskilyrði. Að auki er hægt að örva ánægju, framleiðni og nýsköpun þegar vinnuaðstæður eru hvetjandi og grípandi. Heimsmarkmið 3 (Heilsa og vellíðan) og heimsmarkmið 5 (Jafnrétti kynjanna) eru þungamiðja hér. Vinnuslys eru alltaf slæm fyrir fyrirtækið og stjórnendur þess. Því miður, jafnvel með miklum metnaði og ströngum öryggisreglum, gerast slys ennþá. Eftirlit með vinnuslysum er mikilvægt og hvetur til sjálfbærnimarkmiðs - að helminga fjölda fjarveruslysa (LTA) frá 2020 til 2025.

Hjá Bergs Timber eru hlutfall karlmanna 73% og var 77% árið 2022. Sjálfbærni- og öryggisnefndarfundir eru haldnir a.m.k. Tvisvar á hverri starfsstöð yfir árið. Unnið er markvisst að að fækkun slysa og voru tilkynnt 10 slys með veikindafjarveru yfir 24 klst á hverja 1 milljón vinnustunda sem er á settu markmiði.

Mannauðsstefna BYKO leitast eftir að styðja við starfsfólk til að skapa starfsumhverfi þar sem öllum getur liðið vel við dagleg störf. Í henni er lögð áhersla á að ráða hæfa einstaklinga til starfa og reynt er að styðja við kjarnamarkmið Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna með því að leitast við að hækka hlutfall nýráðningar kvenna og fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um störf þegar þau eru auglýst.

BYKO leggur áherslu á að mæta starfsfólki sínu á þeim stað sem það er hverju sinni. Félagið styður við starfsfólk til að sækja sér faglega aðstoð og til að stuðla að auknu heilbrigði. Í niðurstöðu tvöfaldrar mikilvægisgreiningar kom fram að vinnuaðstæður og heilsa og öryggi væru mikilvægir þættir sem þyrfti að hlúa vel að. Starfsfólki stendur til boða aðgangur að velferðarþjónustu með fjölda fagaðila, velferðarstyrk og líkamsræktarstyrk. Starfsmönnum býðst einnig að gera samgöngusamning við BYKO í samræmi við reglur Ríkisskattstjóra með heilsuefningu að leiðarljósi og minnkun kolefnisspors að markmiði. BYKO styrkir starfsfólk sitt fjárhagslega í fæðingar- og foreldraorlofi til þess að hvetja starfsfólk til þess að nýta rétt sinn til orlofs.

Reglulegar mælingar eru framkvæmdar til að meta þrjá lykilmælikvarða í mannauðsstefnu BYKO sem eru traust, helgun og vellíðan. Ásamt þeim þáttum er jafnframt horft til annarra þátta líkt og veikindahlutfall, starfsmannaveltu og meðallífaflur og meðalstarfsaldur. Í fyrrnendri mikilvægisgreiningu kom fram að meðal mestu áhættuþátta er orðsporsáhætta vegna mannréttindabrota í virðisdeðju og því mikilvægt að traust ríki við birgja okkar og sömuleiðis að okkar fólk liði vel sem og samstarfsfólki okkar. Á árinu 2024 tók í gildi endurskoðuð Jafnréttis- og fjölbreytileikaáætlun BYKO sem miðar að því að gera félagið að góðum og eftirsóknarverðum vinnustað þar sem jafnrétti og fjölbreytileiki starfsfólks er haft í fyrirrúmi. Með áætluninni uppfyllir félagið skyldur sínar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sem rúmast vel í kjarnamarkmið um jafnrétti kynjanna.

Þá er í gildi jafnlaunastefna hjá BYKO þar sem leitast er eftir að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og styðst við vottað jafnlaunakerfi þar sem jafnlaunagreiningar eru framkvæmdar. Niðurstaða 2024 var að launamunur kynjanna í heildarlaunum lækkar um 5,4% á milli ára og í grunnlaunum um 2,8% á milli ára. Þá er 0,1% launamunur grunnlauna nú ríkjandi, konum í óhag, en 0,0% launamunur á heildarlaunum.

BYKO leggur áherslu á að halda uppi öflugu félagslífi og efla samhug meðal starfsfólks.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Spilling, mútur og mannréttindi

Sjálfbærnistefna Bergs Timber nær yfir ólík sjónarmið sem bæði við og hagsmunaaðilar okkar höfum áhrif á og getum haft áhrif á. Þessi stefna félagsins er í fullu samræmi við metnað fyrirtækisins um að vinna að sjálfbærri þróun sem skilgreind er í Heimsskrá 2030 með 17 heimsmarkmiðum hennar. Þetta felur einnig í sér þætti sem tengjast fátækt, mannréttindum, fæðuöryggi, menntun, friði og samfélögum án aðgreiningar og samstarf í sjálfbærnistefnu fyrirtækisins. Sett hefur verið sjálfbærnimarkmið um að allt starfsfólk gangist undir þjálfun í gildum og siðferði og sjálfbærnistarfi fyrirtækisins. Siðareglur samstæðunnar hafa verið þýddar á sex tungumál og upplýsingaherferðir verða skipulagðar á öllum vinnustöðum. Komið hefur verið á fót upplýðstrunarþjónustu til að greina óviðeigandi eða ólöglega hegðun. Rafrænt nám gegnir mikilvægu hlutverki í innri þekkingu á siðareglunum. Meira en 1.600 samþykktum námskeiðum hefur verið lokið sem veitt er í þessu skyni á árinu.

BYKO hefur ávallt virt almenn mannréttindi og hvatt til allra almennra réttinda svo sem félagafrelsis og almennra réttinda starfsmanna. Ýmsar stefnur og reglur hafa verið sett fram í samræmi við tvö kjarnamarkmið Sameinuðu þjóðanna sem BYKO vinnur eftir og snúa að góðri atvinna og hagvexti ásamt ábyrgri neyslu og framleiðslu. Þá kom fram í mikilvægisgreiningu að áhætta er einkum um orðspor vegna mannréttindabrota í aðfangakeðju BYKO sem og að missa viðskipti ef kröfum viðskiptavina um sjálfbærni og upplýsingagjöf er ekki mætt og því mikilvægt að starfsfólk sé vel upplýst og þjálfað í upplýsingagjöf um umhverfissvænt vöruframboð. Gengið var lengra á rekstrarárinu 2024 á birgjamati en BYKO hefur verið að framkvæma slíkt birgjamat með BRICO Alliance á birgjum okkar víða í Kína.

Hjá BYKO er í gildi Samkeppnisstefna sem ítrekar áherslu fyrirtækisins á að öll starfsemi þess sé í samræmi við samkeppnislög og tíundar leiðbeiningar vegna samskipta við keppinauta. Með stefnunni er reynt draga eins og frekast er unnt úr hættunni á því að brotið verði gegn samkeppnislögum í starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur ekki gerst brotlegt á rekstrarárinu gegn samkeppnismálum.

BYKO hefur sett sér reglur um spillingu og mútur og framfylgir lögum um peningaþvætti og til að draga úr líkum peningaþvættis gripið til þeirra aðgerða að heimila ekki móttöku reiðufés fyrir meira en 300.000 kr. og eru sölur reglulega yfirfarnar eftir greiðslumáta og þau atvik skráð ef eitthvað reynist ekki vera í samræmi við útgefnar reglur.

BYKO hefur sett sér reglur um spillingu og mútur og framfylgir lögum um peningaþvætti og til að draga úr líkum peningaþvættis gripið til þeirra aðgerða að heimila ekki móttöku reiðufés fyrir meira en 300.000 kr. og eru sölur reglulega yfirfarnar eftir greiðslumáta og þau atvik skráð ef eitthvað reynist ekki vera í samræmi við útgefnar reglur.

BYKO leggur áherslu á innra eftirlit með rekstrareiningum fyrirtækisins. Það felst í að fyrirbyggja og greina hugsanleg mistök og sviksemi birgja, starfsfólks og viðskiptavina þess. Í þeim efnum hvar sett fram í upphafi árs 2023 persónuverndarstefna hjá BYKO þar sem tilgangur stefnunnar er markmiðið að viðskiptavinir, viðsemjendur og einstaklinga séu upplýstir um hvernig fyrirtækið safnar og vinnur persónuupplýsingar.

Félagið hefur lagt áherslu á að efla eftirlit og öryggisráðstafanir. Eftirlits- og öryggisdeild hefur á að skipa sérhæfðu starfsfólki í eftirliti með öllu sem viðkemur rekstri verslana félagsins og starfsstöðva um land allt. Frá 2024 hefur BYKO birt reglur um vernd upplýðstrara og vill með því tryggja að starfsfólk BYKO geti í góðri trú tilkynnt um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi fyrirtækisins, án þess að óttast neikvæðar afleiðingar eða óréttláta meðferð. Með þessu er vonast til að hægt sé að draga enn frekar úr líkum á mögulegri spillingu og/eða mútum.

Reynt er eftir fremsta megni að upplýsa starfsfólk um þær stefnur og reglur sem snúa að mögulegum áhættum og er farið yfir með öllum nýliðum yfir ofangreindar stefnur og reglur.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

Í ársbyrjun 2023 tók íslenska löggjöfin mikilvægt skref í átt að sjálfbærni í fjárfestingum með innleiðingu Evrópusambandsins reglugerðar (ESB) 2020/852. Þessi reglugerð, sem oft er nefnd flokkunarreglugerðin (e. EU Taxonomy), var formlega fest í íslensk lög sem lög nr. 25/2023. Lögin varða upplýsingagjöf um sjálfbærni innan fjármálaþjónustu og setja fram flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Fyrirtæki af ákveðinni stærð á Íslandi, þar á meðal Norvik og dótturfélag Norvik, BYKO, eru nú skyldug til að veita upplýsingar í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar, samkvæmt gr. 66.d í ársreikningalögum nr. 3/2006. BYKO hefur birt í ársreikningi sínum flokkunartöflur vegna starfsemi félagsins sem birtar eru í lok þessa kafla. Unnið er að því að fá sambærilega skýrslugjöf fyrir önnur félög innan samstæðu.

Reglugerðin kveður á um að atvinnustarfsemi, sem flokkast undir umhverfislega sjálfbærni, þarf að stuðla að minnsta kosti einu af settum umhverfismarkmiðum, án þess að valda tjóni á öðrum markmiðum. Auk þess verður starfsemin að uppfylla ákveðnar lágmarksverndarráðstafanir og tæknileg matsviðmið.

Gjaldgeng starfsemi

Norvik er eignarhaldsfélag með ýmsa starfsemi í sinni samstæðu og hefur ekki beinan flokk í núverandi kerfi en hefur hafist handa við ítarlega greiningu á sínum rekstri út frá sjónarhóli flokkunarreglugerðarinnar. Þetta felur í sér mat á tekjum, fjárfestingum og rekstrarkostnaði sem tengist sjálfbærni starfseminnar í viðara samhengi, með áætlun um að ljúka þessu mati árið 2025. Þá verður einnig metið hvort starfsemin uppfylli viðeigandi tæknileg viðmið og hvort hún sé framkvæmd á hátt sem forðast verulegan skaða.

BYKO, sem sérhæfir sig í smásölu á byggingavöru, hefur ekki beinan flokk í núverandi kerfi en hefur hafist handa við ítarlega greiningu á sínum rekstri út frá sjónarhóli flokkunarreglugerðarinnar. Þetta felur í sér mat á tekjum, fjárfestingum og rekstrarkostnaði sem tengist sjálfbærni starfseminnar í viðara samhengi, með áætlun um að ljúka þessu mati á fyrsta ársfjórðungi ársins 2025. Þá verður einnig metið hvort starfsemin uppfylli viðeigandi tæknileg viðmið og hvort hún sé framkvæmd á hátt sem forðast verulegan skaða.

Lágmarksverndarráðstafanir

Varðandi lágmarksverndarráðstafanir, sem vísað er til í 18. gr. flokkunarreglugerðarinnar, ber starfsemin að vera í samræmi við grundvallarreglur sem byggja á viðmiðum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og viðskipti. Þessi viðmið taka á málaflokkum eins og mannréttindum, spillingu, mútubægni, skattamálum og samkeppnismálum. Samstæðan er í ferli við að endurskoða stefnur og ferla í ljósi þessara kröfur, til að tryggja fullnægjandi samræmi við lágmarksverndarráðstafanir sem settar eru fram.

Tafla 1: Velta

				Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")												
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingarstarfemi)" (21)				
		ISK	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T				
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			0%																				
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																							
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%	0%	0%				
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																							
Kaup og eignarhald á byggingum		7.7	0	0%																			
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			0	0%																	%		
Alls (A.1+A.2)			0	0%																	%		
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																							
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		29.858.813	100%																				
Alls (A+B)		29.858.813	100%																				

Tafla 2: Fjárfestingargjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")									
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar fjárfestingargjöld (3)	Hlutfall fjárfestingargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verðarráðstafanir (17)	Hlutf. fjárfestingargjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starfsemi gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingarstarfsemi)" (21)
		ISK	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			73%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	616.751	73%																
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		616.751	73%																
Alls (A.1+A.2)		616.751	73%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		230.336	27%																
Alls (A+B)		847.087	100%																

Tafla 3: Rekstrargjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")									
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndaráðstafanir (17)	Hlutfall rekstrar gjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingarstarfemi)" (21)
Texti		ISK	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			89%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	EV	EV	EV	EV	EV	EV	EV	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	1.575.988	89%																
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)		1.575.988	89%																
Alls (A.1+A.2)		1.575.988	89%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		197.946	11%																
Alls (A+B)		1.773.934	100%																